

27. júlí 1982.

129

Nr. 78.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Meginbreytingarnar, sem þörf er á að gera, eru tvenns konar. Annars vegar að létta af sveitarfélögum kaupskyldu á íbúðum í verkamannabústöðum byggðum fyrir 1. júlí 1980 en láta þau njóta forkaupsréttar í staðinn. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur mikla áherslu á þetta atriði, þar sem kaupskyldan hefur reynst ýmsum sveitarfélögum þung í skauti. Hins vegar að sníða af annmarka á reglum laganna um innkaup og endursölu þessara íbúða, sem komið hafa í ljós í framkvæmd og hindrað eðlilega sölu. Er þá einkum haft í huga að koma í veg fyrir stökkbreytingar á verðlagningu íbúðanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðist þannig:

Um forkaupsrétt sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

2. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. laganna orðist þannig:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti. Stjórn verkamannabústaða skal, fyrir hönd sveitarstjórnar, annast innkaup og endursölu þessara íbúða. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. og 68. gr., svo og 53. gr. eftir því sem við á.

Þegar eigandi að íbúð í verkamannabústað, sem byggð var samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, vill selja íbúð sína, skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar verkamannabústaða. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal íbúðin verðlögð samkvæmt 66. gr.

3. gr.

66. gr. laganna orðist þannig:

Kaupverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð, að viðbætti hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingakostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur þegar forkaupsréttar er neytt. Ennfremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá fyrningu, 0.5%—1% á ári, af framreiknuðu kaupverði. Að auki skal seljandi njóta verðhækkunar á hluta af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að til verðbóta reiknist 4% af eftirstöðvunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, en þannig koma verðbætur á allt lánið eftir 25 ára eignarhald. Vanrækslu á viðhaldi íbúðarinnar má meta til lækkunar á verði hennar. Ef á íbúðinni hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins skulu eftirstöðvar þess koma til frádráttar greiðslu til seljanda miðað við uppfærðan höfuðstól.

4. gr.

67. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði eða því kaupverði, sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana, að viðbætti hækkun samkvæmt byggingarvísitölu til endursöludags.

Ennfremur skal bæta við matsverði endurbóta og viðhaldskostnaði, ef til er að dreifa, en draga frá fyrningu, sem reiknast 0.5%—1% á ári af uppfærðu verði. Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með sömu kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% af söluverði íbúðanna til nýrra kaupenda, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af lánsfjárhæðinni til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. c-lið 37. gr.

Mismunur á innkaupsverði og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Pegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 54. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júlí 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.